

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) nr. 441/2014****2014/EES/73/94****frá 30. apríl 2014****um breytingu á reglugerð (EB) nr. 29/2009 um kröfur um gagnatengingaþjónustu fyrir
samevrópska loftrýmið (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrar-samhæfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (rekstrarsamhæfisreglugerðin) ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 3. gr.,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku loftrými (rammareglugerðin) ⁽²⁾, einkum 1. mgr. 8. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 29/2009 ⁽³⁾ er mælt fyrir um kröfur um samræmda innleiðingu gagnatengingaþjónustu á grunni beinna gagnafjarskipta milli loftfara og jarðstöðva.
- 2) Í B-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 29/2009 er loftrýmið fyrir ofan fluglag 285 (FL285), sem fellur undir gildissvið þeirrar reglugerðar frá og með 5. febrúar 2015, skilgreint.
- 3) Króatía gerðist aðili að Evrópusambandinu 1. júlí 2013. Því ætti að bæta loftrými Króatíu á viðeigandi hátt við loftrýmið sem fellur undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 29/2009.
- 4) Króatía ætti þó að fá eins árs umbreytingarfrest frá gildistökudeginum 5. febrúar 2015, sem gildir um önnur aðildarríki sem falla undir B-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 29/2009, með því að fresta gildistöku þessarar reglugerðar til að gera þeim aðilum sem reglugerðin tekur til, eins og t.d. flugrekendum og veitendum flugumferðarþjónustu, kleift að undirbúa sig fyrir gildistöku nýrra reglna.
- 5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 29/2009 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um samevrópskt loftrými.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Í B-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 29/2009 er nýjum lið „— Zagreb FIR,“ bætt við á eftir liðnum „— Warszawa FIR,“.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 130, 1.5.2014, bls. 37. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 235/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 96, 31.3.2004, bls. 26.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 96, 31.3.2004, bls. 1.

⁽³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 29/2009 frá 16. janúar 2009 um kröfur um gagnatengingaþjónustu fyrir samevrópska loftrýmið.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Henni skal beitt frá og með 5. febrúar 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. apríl 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.
